



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Forseti Alþingis
Hr. Birgir Ármannsson
Alþingishúsið v/Austurvöll
101 Reykjavík

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími:545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 16. mars 2023
Tilv.: FOR23020118/0.1.5

Forsætisráðherra barst annars vegar fyrirspurn frá Ásmundi Friðrikssyni, alþingismanni, um ráðningu starfsfólks með skerta starfsorku, 22. febrúar sl. og hins vegar frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, alþingismanni, um aðgreiningu þjóðarinnar og jöfn tækifæri, 1. mars sl.

Með vísan til 6. mgr. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, er upplýst að úrvinnsla fyrirspurnanna hefur reynst tímafrekari en áætlað var og að tafir verði á svörum ráðherra. Ráðgert er að svör berist þinginu eigi síðar en 31. mars nk.